

Nefndarsvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is

EFNI: Umsögn frá Myndstefi vegna frumvarps til laga um höfundalög (eintakagerð til einkanota), 870. mál.

Myndstef hefur fengið til umsagnar frá Menntamálaráðuneytinu frumvarp um eintakagerð til einkanota, sbr. 870. mál.

Myndstef fagnar ofangreindu frumvarpi, og þeirri málamiðlun sem náðst hefur með frumvarpinu. Það er einnig mikið fagnaðarefni, og þá sérstaklega fyrir Myndstef, að myndhöfundar fái loksins sanngjarnar bætur fyrir eintakagerð til einkanota, en myndanotkun er orðin sífellt umfangsmeiri og breytilegri og nær yfir víðtækari miðla nú í dag, heldur en nokkru sinni áður.

Þó leggur Myndstef fram spurningar varðandi "sanngjarnar bætur" í samhengi við fyrirkomulag laganna um höfundaréttarsjóð, og telur afar mikilvægt að sanngjarnar bætur greiðist samkvæmt fjárheimild í fjárlögum og þeim útreikningum og því samtali sé haldið lífandi, ef svo má að orði komast. Í því samhengi er afar mikilvægt að úrskurðarnefnd úrskurði tafarlaust ef tækninýjungar hafa gert það að verkum að gjald eigi að reikna af öðrum upptöku- eða geymslumiðlum fyrir skapandi efni, eða ef aðrar forsendur breytast - svo það sé alveg víst að lögin þjóni þeim hagsmunum og uppfylli þau sjónarmið sem þeim er ætlað.

Virðingarfyllst,
Myndstef